

## FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR

HALDINN 29.8.2019 Á KIRKJUBÆJARSTOFU Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

KI. 16:00

Fundur nr. 165

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson Formaður (D), Bjarki Guðnason (D), Davíð Andri Agnarsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) og Lilja Magnúsdóttir (Z).

Arndís Harðardóttir ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

KI. 16.00- Fræðslunefnd

1. Allmennt um skólaárið og skólastofnanirnar.

*Almennar umræður um allar skólastofnanir í sveitarfélaginu.*

2. Önnur mál

*Engin önnur mál*

KI. 16.30 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Mætt er Teresa í stað Zbigniew

1. Starfsemi tónlistarskólans í veturn

Innritun stendur nú yfir og mun kennsla hefjast í næstu viku og er mjög mikið úrval af hljóðfærum til að læra á.

Það þarf að fara að stilla píanó tónlistarskólans og einnig píanó skólans og félagsheimilisins.

Áfram verður samstarf við kirkju, leikskóla og hjúkrunarheimili.

Skólastjóra langar að athuga með að fara á námsskeið til að geta sinnt viðhaldi á hljóðfærum.

2. Önnur mál

*Engin önnur mál*

*A.DH  
DAA  
L.HM*

## KI. 17.00 – Heilsuleikskólinn Kæribær.

Mættar eru Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Linda Ösp Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra.


1. Starfsmannamál – Staða skólans.  
Það vantar starfsmenn í 2 stöðugildi.  
Í leikskólanum eru í dag 27 börn.  
Ræddir möguleikar hvernig hægt væri að laða að starfsfólk.
2. Símenntunaráætlun.  
Fræðsluáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 fyrir starfsmenn Kærabæjar kynnt fyrir fræðslunefnd.  
Kynnt fyrir fræðslunefnd hvaða vinna fer fram á skipulagsdögum í veturn.  
Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við símenntunaráætlunina og samþykkir hana fyrir sitt leiti.
3. Önnur mál.  
Rætt um að skoðu stöðu leikskólastjóra með tilliti til vinnuálags og fleira.  
Leikskólinn fékk að gjöf frá Bryndísi Guðmundsdóttur vandað íslenskt námsefni,  
Lærum og leikum með hljóðin.

## KI.17.30 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Mættar eru Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri, Inga Lóa Hannesdóttir fulltrúi kennara og Auður Guðbjörnsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Skóladagatal  
Vegna seinkunnar skólastettingar um 3 daga var gerð lítilsháttar breyting á skóladagatali þar sem foreldraviðtöl verða eftir skóla 2 daga og skólaslit verða eftir hefðbundinn skóladag og þar með nást 180 kennsludagar.  
Fræðslunefnd staðfestir skóladagatalið með áorðnum breytingum.
2. Skólanámsskrá.  
Skólastjóri stefnir að hafa lokið við skólanámsskrá í Oktober 2019.
3. Staða skólans almennt.  
Skólastjóri fer yfir stöðu skólans almennt. Teknir hafa verið upp tveir nýjir kennslutímar sem eru verkleg stærðfræði og skógur og náttúra.  
Hjá yngsta stigi verður farið í samstarf við ungmannafélagið Ármanн með tíma í almennri hreyfingu. Skólastarf fer annars vel af stað og starfsandi er góður

4. Önnur mál.  
Fulltrúi foreldra greinir frá fundi foreldrafélagsins um skýrslu Attentus.  
Bjarki Guðnason víkur af fundi vegna skyldustarfa.  
Auður Guðbjörnsdóttir víkur af fundi
5. Meðmæli með undanþágu reglugerðar um merki á skólabifreiðum nr. 279/1989, með áorðnum breytingum.  
Fræðslunefnd staðfestir meðmælin.
6. Skólaakstur  
2 sóttu um starf skólabílstjóra í Álftaver og Skaftártungu og var Páll Símon Oddsteinsson ráðinn.
- Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.42.



Þorsteinn M. Kristinsson



Davíð Andri Agnarsson



Arndís Harðardóttir



Lilja Magnúsdóttir

---

Bjarki Guðnason